

ON Power ohf.
Ársreikningur 2022
USD

ON Power ohf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

kt. 521213-0190

Efnisyfirlit


	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastýru	3
Áritun óháðs endurskoðanda	7
Rekstrarreikningur	10
Efnahagsreikningur	11
Eiginfjárfirlit	12
Sjóðstreymisyfirlit	13
Skýringar	14

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastýru

ON Power ohf. er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Eigandi félagsins er Orkuveita Reykjavíkur – Eignir ohf. sem er alfarið í eigu OR. Engar breytingar urðu á eignarhaldi á árinu.

Starfsemi ON Power ohf. felur í sér framleiðslu á rafmagni og heitu vatni auk sölu rafmagns til stóriðju og sölu rafmagns og fleiri strauma til viðskiptavina í Jarðhitagarði við Hellisheiðarvirkjun.

Yfirlitsmyndin að neðan sýnir kjarnastarfsemi samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, þar með talið kjarnastarfsemi ON Power. Fyrir neðan er greint frá helstu viðskiptaferlum í virðiskeðjunni og loks eru helstu hagsmunaaðilar að hverjum hlekk keðjunnar tilgreindir.



Virðiskeðja	AUÐLIND	NÝFRAMKVÆMDIR	VINNSLA OG MIÐLUN	VIÐSKIPTI OG ÞJÓNUSTA	AUÐLIND
	–Leit að og rannsókn auðlinda og öflun réttinda til að nýta þær –Vöktun og stýring nýtingar	–Hönnun og öflun leyfa –Kaup á efni, búnaði og þjónustu verkataka –Eftirlit og prófanir	–Móttaka nýsmíði í rekstur –Stýring og vöktun vinnslu –Eftirlit, viðhald og endurnýjun –Kaup á efni, búnaði og þjónustu	–Öflun og skráning viðskiptavina –Tenging heimila og fyrirtækja –Álestur og útgáfa reikninga –Viðbrögð við bilunum	–Vöktun viðtaka
Hagsmunaaðilar	Opinberir aðilar Leyfisveitingar, skipulag og eftirlit. Almenningur Umsagnir um leyfi, kæruréttur Eigendur OR Staðfesting áforma á nýjum svæðum	Opinberir aðilar Leyfisveitingar, skipulag og eftirlit. Verktalar og vörubirgjar Framkvæmdir, útvegur efnis, ráðgjöf, fjármögnun Almenningur Umsagnir og kæruréttur Eigendur OR Staðfesting áforma á nýjum svæðum	Opinberir aðilar Vöktun á rekstri og auðlindanýtingu Almenningur Ábendingar, upplýsingar Viðskiptavinir Upplýsingar um þjónustubrest Verktakar og vörubirgjar Framkvæmdir, útvegur efnis, ráðgjöf, fjármögnun	Viðskiptavinir Greiðsla reikninga, álestur Opinberir aðilar Vöktun á afhendingaröryggi, notkunarmælingum og verði	Opinberir aðilar Vöktun umhverfisáhrifa Almenningur Ábendingar, upplýsingar
Starfsfólk, samtök og félög fólks og fyrirtækja og eftirlitsaðilar með starfsaðstæðum á vinnumarkaði eiga hagsmuni að allri virðiskeðjunni.					

Nánar er fjallað um virðiskeðju OR samstæðunnar í skýrslu stjórnar og forstjóra í samstæðureikningi OR. Þar er einnig fjallað um ófjárhagslega þætti; umhverfis- og loftslagsmál, samfélagsleg mál og stjórnhætti í samstæðunni. Einn itarlegri umfjöllun um þá þætti má finna í stjórnháttaköflum ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2022. Hún er rafræn á slóðinni arskyrsla2022.or.is. Þar má einnig finna skýrsluna á pdf-sniði.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastýru, frh.

Sjálfbærni og virðing fyrir umhverfinu er meðal þess sem fyrirtækið leggur kapp á. Þær áherslur birtast meðal annars í því að eftirfarandi Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna gætir í starfseminni allri.



Fjárhagslegar niðurstöður 2022

Hagnaður af rekstri ON Power ohf. á árinu 2022 nam 25,2 milljónum USD (2021: 7,8 milljónir USD). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins í árslok 835,6 milljónum USD (31.12.2021: 833,9 milljónir USD). Eigið fé nam 472,8 milljónum USD í árslok (31.12.2021: 446,7 milljónir USD) og var eiginfjárhlutfall félagsins 56,6% (31.12.2021: 53,6%).

Enginn starfsmaður starfaði hjá félaginu á árinu 2022 (2021: enginn starfsmaður). Félagið kaupir þjónustu af Orku náttúrunni ohf. vegna reksturs félagsins samkvæmt þjónustusamningi.

Stjórn ON Power leggur til við aðalfund að arður greiddur til eiganda á árinu 2023 vegna rekstrarársins 2022 verði að fjárhæð 15 milljónir USD. Vísað er að öðru leyti til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

Stjórn og stjórnhættir

Stjórnhættir OR og dótturfélaga eiga að tryggja fagmennsku, hagkvæmni, ráðdeild, gagnsæi og ábyrgð í rekstrinum. Um meginstarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga gilda lög nr. 136/2013. Á árinu 2014 endurnýjuðu eigendur fyrirtækisins sameignarsamning um starfsemina. Þá var eigendastefna einnig endurskoðuð. Við endurnýjun á samningi og stefnu fyrir dótturfélög OR tóku starfsreglur fyrir allar stjórnir mið af þeim leiðbeiningum um stjórnhætti, sem Viðskiptaráð vann í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq.

Siðareglur OR og dótturfélaga byggjast á heiðarleika, sem er eitt af gildum Orkuveitu Reykjavíkur. Siðareglurnar eru skráðar og opinberar og eru til stuðnings starfsfólki þannig að heiðarleiki, virðing og jafnrétti einkenni samskipti hvort sem er við viðskiptavinum, stjórn, samstarfsfólk, verktaka eða aðra hagsmunaaðila. Siðareglurnar eru ekki tæmandi og því þurfa þeir sem reglurnar taka til að geta reitt sig á eigin samvisku ef siðferðileg álitamál koma upp.

Samstæða Orkuveitur Reykjavíkur á aðild að Global Compact og gaf á árinu 2021 út siðareglur fyrir birgja samstæðunnar. Tilgangur útgáfunnar er að ná betri tókum á sjálfbærni allrar virðisæðju samstæðunnar. Með því að samþykkja siðareglurnar með undirskrift gangast birgjar undir kröfur um að virða mannréttindi, umhverfið og reglur vinnumarkaða jafnframt því að beita sér gegn spillingu. Samsvarandi kröfur hafa verið í útboðsgögnum OR um árabíl, en eru nú einnig gerðar í minni innkaupum. Í árslok 2022 höfðu 121 birgjar staðfest að þeir hlíti siðareglunum.

Fimm eiga sæti í stjórn ON Power. Samkvæmt stjórnháttum eru þrjú úr starfslíði OR, þar af a.m.k. einn úr hópi stjórnenda. Tveir eru utanaðkomandi en sérfróðir á starfssviði félagsins.

Í stjórn ON Power frá miðju ári 2022 voru:

- Helga Jónsdóttir, lögfræðingur, formaður.
- Tómas Ingason, verkfræðingur og MBA, varaformaður.
- Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstýra OR.
- Gísli Björn Björnsson, sérfræðingur á fjármálasviði OR.
- Ingví Gunnarsson, forstöðumaður Auðlindastýringar hjá OR.

Framkvæmdastýra er Berglind Rán Ólafsdóttir M.Sc. í sameindalíffræði og MBA. Síðla árs tilkynnti hún að hún hygðist hverfa til annarra starfa og var staðan auglýst. Í janúar 2023 réð stjórn Árna Hrannar Haraldsson, BSc í efnafræði og MSc í rekstrarverkfræði í starf framkvæmdastjóra frá 1. maí 2023.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastýru, frh.:

Stjórn og stjórnhættir, frh.:

Endurskoðunarnefnd samstæðu Reykjavíkurborgar er jafnframt endurskoðunarnefnd ON Power. Einn nefndarmanna er skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Ákvæði þessa efnis koma fram í 9. gr. sameignarsamnings um Orkuveitu Reykjavíkur.

Endurskoðunarnefnd ON Power skipa eftirtalin:

- Lárus Finnbogason.
- Einar Sveinn Hálfánarson.
- Sigrún Guðmundsdóttir.
- Sunna Jóhannsdóttir - samkvæmt tilnefningu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur .

Varamenn í endurskoðunarnefnd í árslok eru:

- Danielle Pamela Neben.
- Páll Grétar Steingrímsson.
- Ólafur Kristinsson.

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar ON Power og starfar í umboði hennar. Markmið með skipan endurskoðunarnefndar er að bæta starfshætti sem lúta að fjárhagslegu eftirliti. Fjallað er um verkefni endurskoðunarnefnda í IX. kafla A í lögum um ársreikninga.

Lögbundin verkefni endurskoðunarnefnda eru eftirfarandi:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
- Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum þeirra.
- Tillaga til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.

Endurskoðunarnefnd ON Power fylgist með stjórnháttum, virkni áhættustýringar og innra eftirliti með því að yfirfara og afgreiða innri endurskoðunarátætlun. Það er stór hluti af verkefnum innri endurskoðunar að hafa eftirlit með og kanna virkni áhættustýringar og virkni innra eftirlits. Á fundi nefndarinnar þann 12. desember 2022 fékk nefndin innri endurskoðunarátætlun fyrir tímabilið 2023 –2024 til umfjöllunar og vísaði henni til stjórnar ON Power til samþykktar. Innri endurskoðunarátætlun 2023 – 2024 var samþykkt í stjórn ON Power 14.12.2022.

Nefndin fer yfir og fær kynningu á endurskoðunarátætlun ytri endurskoðenda en við gerð áætlunarinnar er lagt mat á áhættu- og óvissupætti í starfsemi félagsins. Hluti af verkefnum ytri endurskoðenda er að leggja mat á innra eftirlit sem tengist reikningsskilagerð félagsins. Endurskoðunarnefnd fylgist með framgangi endurskoðunarinnar, fer yfir niðurstöður ytri endurskoðenda og gerir stjórn ON Power grein fyrir umsögn sinni um ársreikning. Nefndin tekur til umfjöllunar skýrslur innri og ytri endurskoðenda og fylgist nefndin sérstaklega með eftirfylgni ábendinga þeirra sem varða innra eftirlit.

Hjá OR samstæðunni er skráð verklag ef ætla má að starfsmaður hafi brotið gegn reglum fyrirtækisins eða hafi orðið uppvís að sviksemi í starfi. Verklagsreglan er öllu starfsfólki aðgengileg á innri vef fyrirtækisins. Þar er tilgreint hvað telst frávik eða brot í starfi. Verði starfsmaður var við hugsanlegt brot annars starfsmanns eða starfsmanna eða vakni grunur um sviksamt athæfi eða atvik ber að tilkynna það til næsta yfirmanns. Einnig er hægt að tilkynna hugsanlegt brot eða sviksemi til innri endurskoðanda fyrirtækisins. Þeim sem berast ábendingar um hugsanleg brot eða sviksemi ber að upplýsa það en gæta skal fyllsta trúnaðar við meðferð slíkra upplýsinga. Lögfræðingur OR veitir ráðgjöf eða lagalega aðstoð eftir atvikum. Framkvæmdastýra ON Power og forstöðufólk bera ábyrgð á innra eftirliti hver á sínu sviði. Rekstrareiningin áhættustjórnun og ferli ber ábyrgð á að innri eftirlitskerfi innan samstæðunnar séu virk. Ytri aðilar veita gæðakerfi ON Power óháða vottun.

Starfsreglur stjórnar ON Power eru aðgengilegar á vef félagsins. Í ársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur 2022 er nánar fjallað um stjórnhætti í skýrslu stjórnar og forstjóra og áhættustýringu í skýringum nr. 26-31.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastýru, frh.:

Árangur og óvissupættir 2022

Þröng staða vatnsbúskapar í upphafi árs 2022 leiddi til þess að heildsöluverð rafmagns var óvenjuhátt um tíma. Á sama tíma urðu bilanir í Hellisheiðarvirkjun sem ollu því að framleiðsla ON Power var tímabundið minni en gert hafði verið ráð fyrir. Því urðu útgjöld til kaupa á raforku frá Landsvirkjun umfram áætlanir. Undir lok árs tilkynnti Landsvirkjun að upprunavottorð myndu ekki lengur fylgja með sölu fyrirtækisins á rafmagni til endursölu á almennum markaði svo sem verið hafði um árábil. ON Power hefur haft tekjur af sölu upprunaábyrgða erlendis í samræmi við þá orkuframleiðslu fyrirtækisins sem seld er stórnótendum. Gera má ráð fyrir að sala á upprunavottorðum á erlenda markaði aukist, ef ekki verður eftirspurn eftir vottaðri orku hjá almenningi.

Kolefnisspor ON Power stækkaði lítillega á árinu 2022. Má rekja það til bilana í lofthreinsistöð við Hellisheiðarvirkjun. Gripið hefur verið til aðgerða til að auka stöðugleika í rekstri stöðvarinnar og áfram er stefnt að því að orkuvinnsla í virkjuninni verði sporlaus árið 2025. Þá er óbreytt markmið að árið 2025 verði starfsemi ON Power kolefnishlutlaus. Brennisteinsvetni fór ekki yfir reglugerðarmörk á starfssvæðinu á árinu 2022.

Mikilvæg uppbygging hélt áfram í Jarðhitagarði ON Power við Hellisheiðarvirkjun. Alþjóðlega fyrirtækið Climeworks hyggst tífalda afköst þar við föngun koldíoxíðs úr andrúmslofti, sem síðan er bundið í berg með aðferð Carbfix.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastýru

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastýru ON Power er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að álit stjórnar og framkvæmdastýru ON Power gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í árslok og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu og lýsir helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastýra ON Power staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022.

Reykjavík, 27. febrúar 2023

Í stjórn félagsins:

Helga Jónsdóttir

Gísli Björn Björnsson

Tómas Ingason

Ingvi Gunnarsson

Pálmar Sigurðsson

Framkvæmdastýra:

Berglind Rán Ólafsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa ON Power ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning ON Power ohf. („félagið“) fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda*. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2022. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Eftirfarandi atriði teljum við vera lykilatriði í endurskoðun okkar:

Skýring á lykilatriði í endurskoðuninni

Hvernig var brugðist við lykilatriði í endurskoðun

Mat framleiðslukerfa

Sjá umfjöllun um mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýr. 16 (c) bls. 21 til 22 og skýr. 6 á bls. 16 til 17:

Við höfum skilgreint mat framleiðslukerfa sem lykilatriði við endurskoðun okkar vegna ársins 2022. Framleiðslukerfin eru metin útfrá afskrifuðu endurstofnverði.

Það felur í sér að lagt er mat á breytingu byggingarkostnaðar samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar fyrningar eru endurmetnar í samræmi við þær breytingar.

Félagið framkvæmir virðisrýmunarpróf á reikningsskiladegi og færir virðisrýmun á eignirnar ef niðurstaðan er sú að núvirt tekjustreymi eignanna er lægra en bókfært virði þeirra. Einnig getur endurmat eignanna aldrei orði hærra en sem nemur núvirtu tekjustreymi þeirra.

Forsendur sem notaðar eru við endurmatið og virðisrýmunarprófið byggja á mati stjórnenda og eru að hluta til huglæggar. Þar sem eignfærð framleiðslukerfi eru verulegur liður í ársreikningnum getur hver breyta í forsendum haft veruleg áhrif á afkomu og efnahag félagsins.

Vinna okkar náði bæði til mats á endurmati og virðisrýmun framleiðslukerfa.

Sem hluti af endurskoðun okkar fórum við yfir aðferðafræði félagsins við mat á framleiðslukerfum og samkvæmni þess við lög og reglur.

Við fórum yfir ferli við endurmatið og virðisrýmunarpróf. Við fórum einnig yfir virkni líkana sem notast er við matið.

Við lögðum mat á forsendur stjórnenda með samanburði við opinberar upplýsingar þar sem það á við. Í þeim tilvikum þar sem forsendur byggja ekki á opinberum upplýsingum lögðum við sjálfstætt mat á forsendur stjórnenda.

Við þessa skoðun var verðmatssérfræðingur notaður til aðstoðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru t.a.m. ársskýrsla samstæðunnar, skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan) og óendurskoðaðra stjórnarháttaryfirlýsingu samstæðunnar. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem að lágmarki ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningi með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á álit okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við höfum afhent stjórn endurskoðunarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir þessum atriðum og er hún í samræmi við áritun þessa.

Við höfum ekki veitt ON Power ohf. þjónustu sem telst óheimilt að veita samhliða endurskoðun í samræmi við lög um endurskoðendur. Við höfum einnig afhent forstjóra og endurskoðunarnefnd samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur yfirlýsingu þess efnis að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum jafnframt komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Af þeim atriðum sem við upplýstum framkvæmdastjóra og endurskoðunarnefnd samstæðunnar um lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við gerum grein fyrir þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur heimila ekki slíka upplýsingagjöf. Í undantekningartilfellum kunnum við að greina ekki frá slíkum atriðum ef við metum það svo að neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf vegi þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Við vorum kjörnir endurskoðendur félagsins á aðalfundi þann 27. apríl 2022 en þetta er fimmta samfellda reikningsárið þar sem við erum endurskoðendur félagsins.

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.
Reykjavík, 27. febrúar 2023

Davíð Arnar Einarsson, löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur	3	97.634	94.569
Orkukaup og flutningur	(16.879)	(14.292)
Annar rekstrarkostnaður	4	(14.232)	(11.443)
Rekstrarkostnaður samtals		(31.111)	(25.734)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA).....		66.523	68.835
Afskriftir	6	(27.018)	(26.200)
Rekstrarhagnaður (EBIT).....		39.505	42.636
Vaxtatekjur		539	19
Vaxtagjöld	(14.417)	(15.266)
Áhættuvarnarsamningar	7	4.394	(18.483)
Gengismunur		1.143	691
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		(8.341)	(33.040)
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....		31.165	9.596
Tekjuskattur	5	(5.998)	(1.778)
Hagnaður ársins		25.167	7.818

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	787.605	788.861
Áhættuvarnarsamningar	7	553	544
Fastafjármunir samtals		<u>788.158</u>	<u>789.405</u>
Viðskiptakröfur	8	1.159	870
Áhættuvarnarsamningar	7	2.443	121
Aðrar skammtímakröfur	8	43	39
Lausafé í ávöxtun hjá móðurfélagi	8,13	40.976	42.280
Kröfur á tengd félög	8,13	968	1.162
Handbært fé	9	1.807	25
Veltufjármunir samtals		<u>47.396</u>	<u>44.497</u>
Eignir samtals		<u><u>835.553</u></u>	<u><u>833.901</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		199.948	199.948
Endurmatsreikningur		125.794	115.020
Lögbundinn varasjóður		14.782	12.266
Óráðstafað eigið fé		132.264	119.471
Eigið fé samtals		<u>472.788</u>	<u>446.705</u>
Skuldir			
Langtímalán frá tengdum félögum	10	302.646	321.822
Áhættuvarnarsamningar	7	284	2.666
Tekjuskattsskuldbinding	11	27.273	21.638
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals		<u>330.202</u>	<u>346.126</u>
Viðskiptaskuldir	12	2.855	1.808
Næsta árs afborgun langtímalána við tengd félög	10	19.176	19.176
Ógreiddir reiknaðir skattar		3.592	4.075
Áhættuvarnarsamningar	7	1.059	10.347
Aðrar skammtímaskuldir	12	3.362	2.251
Skuldir við tengd félög	13	2.520	3.413
Skammtímaskuldir samtals		<u>32.564</u>	<u>41.071</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>362.766</u>	<u>387.197</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>835.553</u></u>	<u><u>833.901</u></u>

Eiginfjáryfirlit 2022

Árið 2022	Hlutfé	Endurmats- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2022	199.948	115.020	12.266	119.471	446.705
Endurmat, hækkun		16.145			16.145
Tekjuskattsáhrif af endurmati		(3.229)		(3.229)	
Innlausn endurmats vegna afskrifta		(2.679)		2.679	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats		536		(536)	0
Framlag í lögbundinn varasjóð			2.517	(2.517)	0
Hagnaður ársins				25.167	25.167
Greiddur arður				(12.000)	(12.000)
Eigið fé 31. desember 2022	199.948	125.794	14.782	132.264	472.788

Árið 2021

Eigið fé 1. janúar 2021	199.948	109.990	11.484	110.207	431.628
Endurmat, hækkun		9.073			9.073
Tekjuskattsáhrif af endurmati		(1.815)		(1.815)	
Innlausn endurmats vegna afskrifta		(2.785)		2.785	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats		557		(557)	0
Framlag í lögbundinn varasjóð			782	(782)	0
Hagnaður ársins				7.818	7.818
Eigið fé 31. desember 2021	199.948	115.020	12.266	119.471	446.705

Sjóðstreymisýfirlit 2022

	skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		25.167	7.818
Leiðrétt fyrir:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		8.341	33.040
Tekjuskattur	5	5.998	1.778
Afskriftir	6	27.018	26.200
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		66.523	68.835
Skammtímakröfur, hækkun	(319)	(229)
Skammtímaskuldir, hækkun		2.033	3.524
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		68.237	72.130
Innborgaðar vaxtatekjur		539	19
Greidd vaxtagjöld	(14.417)	(15.266)
Uppgjör áhættuvarnarsamninga	(9.607)	(8.546)
Greiddir skattar	(4.075)	(2.931)
Handbært fé frá rekstri		40.678	45.407
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(8.526)	(5.686)
Fé í ávöxtun hjá móðurfélagi, breyting		1.303	(19.440)
Staða við tengd félög, breyting	(700)	(3.907)
Fjárfestingarhreyfingar	(7.923)	(29.033)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborgun lána frá móðurfyrirtæki	(19.176)	(19.176)
Greiddur arður	(12.000)	0
Fjármögnunarhreyfingar	(31.176)	(19.176)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		1.579	(2.803)
Handbært fé í ársbyrjun		25	2.819
Gengismunur handbærs fjár		203	8
Handbært fé í árslok	9	1.807	25
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(1.091)	670
Skammtímaskuldir, breyting		1.091	(670)
Aðrar upplýsingar:			
Veltufé frá rekstri		40.387	41.649
Veltufé frá rekstri greinist þannig:			
Hagnaður ársins		25.167	7.818
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi:			
Afskriftir		27.018	26.200
Gangvirðisbreyting áhættuvarna	(14.001)	9.938
Tekjuskattsskuldbinding		2.406	(2.297)
Gengismunur af handbæru fé	(203)	(8)
Veltufé frá rekstri		40.387	41.649

Skýringar

1. Félagið

ON Power ohf. er opinbert hlutfélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Höfuðstöðvar félagsins eru að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Félagið er að fullu í eigu OR Eigna ohf. sem er félag að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Ársreikningur ON Power ohf. er hluti af samstæðuársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur.

Starfsemi ON Power felur í sér framleiðslu á rafmagni og heitu vatni í Hellisheiðarvirkjun, kaup og sölu á rafmagni á heildsölumarkaði, sölu á rafmagni til stórnotenda í erlendum gjaldmiðli ásamt rekstri og uppbyggingu jarðhitagarðs.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður en þeim er lýst í skýringu 16.

b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að varanlegir rekstrarfjármunir og áhættuvarnarsamningar hafa verið endurmetnir til gangvirðis.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í bandarískum dollurum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum USD nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreikningsins krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum er að finna í skýringu 6 um varanlega rekstrarfjármuni.

3. Rekstrartekjur

	2022	2021
Rafmagn	74.910	73.153
Heitt vatn	18.286	18.595
Aðrar tekjur	4.438	2.821
	<u>97.634</u>	<u>94.569</u>

Samningar vegna sölu á rafmagni til stórnotenda taka breytingum með hliðsjón af breytingum á álverði.

Skýringar

4. Annar rekstrarkostnaður

	2022	2021
Viðhaldskostnaður	7.380	6.328
Þjónustusamningar	2.478	2.483
Rekstur fasteigna	1.518	1.507
Rekstrartryggingar	903	797
Skrifstofukostnaður	82	55
Aksturskostnaður	22	0
Vörur til endursölu	1.847	273
	<u>14.232</u>	<u>11.443</u>
Þóknun greidd til endurskoðanda:		
Þóknun vegna endurskoðunar ársreiknings og könnunar árshlutauppgjöra	29	27
Önnur þjónusta greidd til endurskoðanda	4	0
Samtals þóknun greidd til endurskoðanda	<u>33</u>	<u>27</u>

5. Tekjuskattur

	2022	2021
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:		
Tekjuskattur til greiðslu	3.592	4.075
Breyting á frestuðum tekjuskatti	2.406 (2.297)
Gjaldfærður tekjuskattur	<u>5.998</u>	<u>1.778</u>
Virkt skatthlutfall greinist þannig:		
	2022	2021
Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt	<u>31.165</u>	<u>9.596</u>
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0%	20,0%
Óskattskyldar tekjur	6.233	1.919
Óskattskyldar tekjur	(0,8%) (235) (
Virkur tekjuskattur	<u>19,2%</u>	<u>18,5%</u>
	<u>5.998</u>	<u>1.778</u>

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Framleiðslu- kerfi
31.12.2022	
Heildarverð	
Staða í ársbyrjun	1.003.492
Endurmat, hækkun	20.220
Viðbætur á árinu	9.617
Staða í árslok	<u>1.033.329</u>
Afskriftir	
Staða í ársbyrjun	214.631
Endurmat, hækkun	4.075
Afskrifað á árinu	27.018
Staða í árslok	<u>245.724</u>
Bókfært verð	
Bókfært verð 1.1.2022	788.861
Bókfært verð 31.12.2022	<u>787.605</u>
31.12.2021	
Heildarverð	
Staða í ársbyrjun	989.013
Endurmat, hækkun	9.463
Viðbætur á árinu	5.016
Staða í árslok	<u>1.003.492</u>
Afskriftir	
Staða í ársbyrjun	188.041
Endurmat, hækkun	390
Afskrifað á árinu	26.200
Staða í árslok	<u>214.631</u>
Bókfært verð	
Bókfært verð 1.1.2021	800.971
Bókfært verð 31.12.2021	<u>788.861</u>

Endurmat

Við endurmat eru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis. Endurmat er fært á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskatti samanber skýringu 16c. Gangvirði viðkomandi eigna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á byggingarkostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar. Endurmat framleiðslukerfa fyrir heitt vatn var framkvæmt 30.09.2022. Endurmat var framkvæmt vegna framleiðslueigna rafmagns í árslok 2018 en það er hluti af reglubundnu endurmati eigna fyrirtækisins.

Upplýsingar um endurmetnar eignir í árslok

	Framleiðslukerfi	
	31.12.2022	31.12.2021
Endurmetið bókfært verð	787.605	788.861
Þar af áhrif endurmats	(156.687)	(139.296)
Bókfært verð án endurmats	<u>630.918</u>	<u>649.565</u>

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir frh.

Fasteignamat og váttryggingaverðmæti

Í árslok 2022 nam fasteignamat eigna félagsins sem metnar eru fasteignamati 82,0 milljónum USD (2021: 84,2 milljónir USD) og brunabótamat þeirra nam 145,8 milljónum USD (2021: 136,7 milljónir USD). Váttryggingarverðmæti eigna félagsins nam 631,6 milljónum USD í árslok 2022 (2021: 631,6 milljónir USD) .

Virðisrýrnunarpróf

Virðisrýrnunarpróf voru gerð miðað við stöðu eigna í ON Power 30.09.2022 til að staðfesta að bókfært verð eigna stæði undir væntu framtíðarsjóðstreymi. Virðisrýrnunarpróf voru gerð á tvær sjóðskapandi einingar, heitavatsframleiðslu og rafmagnsframleiðslu. Niðurstaða virðisrýrnunarprófanna leiddi ekki til virðisrýrnunar. Ekki eru líkur á virðisrýrnun hjá heitavatsframleiðslu þar sem umframvirði er töluvert. Próf fyrir rafmagnsframleiðslu er þó næmt fyrir breytingum á lykilsfordendum.

Helstu forsendur virðisrýrnunarprófa eru eftirfarandi:

- i) Veginn fjármagnskostnaður (WACC) er 5,13% til 9,72%, (2021: 3,59% til 7,22%)
- ii) Framtíðartekjuvöxtur er áætlaður 0,15% til 7,8%, (2021: 0,0% til 5,88%)

Ef ávöxtunarkrafa hækkar um 0,1 prósentustig en öðrum forsendum er haldið óbreyttum þá lækkar umframvirði rafmagnsframleiðslu um 29,3 milljónir USD. Ef að áætluð EBITDA er 1% lægri á ári út áætlunartímabilið en öðrum forsendum er haldið óbreyttum þá lækkar umframvirði rafmagnsframleiðslu um 19,6 milljónir USD.

Nánar er fjallað um endumat og virðisrýrnunarpróf í skýringu 16 c.

7. Áhættuvarnarsamningar

Gerðir hafa verið áhættuvarnarsamningar við móðurfyrirtækið til að takmarka áhættu félagsins gagnvart breytingum á álverði og áhrifum þess á raforkusölusamninga. Á árinu 2022 var færsla yfir rekstur vegna gangvirðisbreytinga og uppgjors þeirra jákvæð um 4.394 þúsund USD (31.12.2021: neikvæð um 18.483 þúsund USD). Í lok ársins var nettóstaða opinna samninga eign að fjárhæð 1.654 þúsund USD (31.12. 2021: skuld að fjárhæð 12.347 þúsund USD), en þeir eru skráðir í efnahag meðal eigna og skulda.

8. Aðrar peningalegar eignir

	31.12.2022	31.12.2021
Viðskiptakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur	1.181	908
Óbein niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(23)	(38)
	<u>1.159</u>	<u>870</u>
Kröfur á tengd félög greinast þannig:		
Kröfur á móðurfyrirtæki vegna ávöxtunar á handbæru fé	40.976	42.280
Aðrar kröfur á tengda aðila	968	1.162
	<u>41.944</u>	<u>43.441</u>
Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Fjármagnstekjuskattur	2	1
Aðrar kröfur	41	39
	<u>43</u>	<u>39</u>

Skýringar

9. Handbært fé

Handbært fé í árslok samanstendur af bankainnstæðum.

10. Vaxtaberandi skuldir

	31.12.2022	31.12.2021
Langtímaskuldir		
Langtímalán frá móðurfyrirtæki í USD	321.822	340.999
Næsta árs afborgun langtímaskulda	(19.176)	(19.176)
	<u>302.646</u>	<u>321.822</u>

Afborganir lána greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2022	-	19.176
Afborganir 2023	19.176	19.176
Afborganir 2024	19.176	19.176
Afborganir 2025	19.176	19.176
Afborganir 2026	19.176	19.176
Afborganir 2027	19.176	-
Afborganir síðar	225.940	245.117
	<u>321.822</u>	<u>340.999</u>

11. Tekjuskattsskuldbinding

	31.12.2022	31.12.2021
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	21.638	22.121
Reiknaður tekjuskattur ársins	5.998	1.778
Tekjuskattur til greiðslu	(3.592)	(4.075)
Tekjuskattsáhrif af endurmati ársins	3.229	1.815
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	<u>27.273</u>	<u>21.638</u>

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

	31.12.2022	31.12.2021
Varanlegir rekstrarfjármunir	26.748	23.656
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	7	1
Áhættuvarnarsamningar	331	(2.469)
Frestaður gengismunur	186	451
	<u>27.273</u>	<u>21.638</u>

Skýringar

12. Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2022	31.12.2021
Viðskiptaskuldir	2.855	1.808
Aðrar skammtímaskuldir:		
Ógreiddur virðisaukaskattur	1.582	2.251
Fyrirfram innheimtar tekjur	1.780	0
	<u>3.362</u>	<u>2.251</u>

13. Viðskipti við tengda aðila

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn hennar, félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur og stjórnarmenn og lykilstjórnendur í samstæðu Orkuveitunnar eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Neðangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við félagið á árinu.

	2022	2021
Sala til tengdra aðila á árinu var eftirfarandi:		
Sala til tengdra aðila í samstæðu Orkuveitunnar.....	18.662	23.715
	<u>18.662</u>	<u>23.715</u>
Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á árinu voru eftirfarandi:		
Kaup á þjónustu og efni frá tengdum aðilum í samstæðu Orkuveitunnar.....	13.920	23.991
	<u>13.920</u>	<u>23.991</u>
Vaxtatekjur vegna ávöxtunar lausafjár hjá móðurfyrirtæki.....	531	17
Vaxtagjöld vegna langtímalána við móðurfyrirtæki.....	(14.417)	(15.266)
	<u>(13.886)</u>	<u>(15.249)</u>

Kröfur á tengd félög

	31.12.2022	31.12.2021
Krafa á móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....	40.976	42.280
Krafa á systurfélag, Veitur ohf.....	426	0
Krafa á systurfélag, Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf.....	542	0
Krafa á systurfélag, Orku náttúrunnar ohf.....	0	1.161
Samtals kröfur á félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur.....	<u>41.944</u>	<u>43.441</u>

Skuldir við tengd félög

Skuld við móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....	2.026	1.859
Skuld við systurfélag, Orku náttúrunnar ohf.....	484	0
Skuld við eignarhaldsfélag, OR Eignir ohf.....	10	10
Skuld við systurfélag, Veitur ohf.....	0	1.474
Skuld við systurfélag, Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf.....	0	71
Samtals skuldir við félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur.....	<u>2.520</u>	<u>3.413</u>

Staða og frekari sundurliðun á langtímaláni við móðurfyrirtækið má finna í skýringu 10.

Kröfur og skuldir við tengd félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar eru meðal viðskiptakrafna og viðskiptaskulda í efnahagsreikningi.

Upplýsingar um viðskipti tengdra aðila vegna hefðbundins heimilisreksturs eru ekki meðtalin.

Skýringar

14. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem höfðu áhrif á ársreikninginn eða veita þarf upplýsingar um.

15. Önnur mál

Raforkusamningi við Norðurál vísað til alþjóðlegs gerðardóms

Á árinu 2022 var hafið formlegt ferli af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur (OR), þar sem ágreiningi um forsendur raforkusölusamnings við Norðurál, sem ON Power sér um framkvæmd á, var vísað til alþjóðlegs gerðardóms. Málið lýtur að kröfu OR um endurskoðun á samningum, þar sem jafnvægi milli hagsmuna samningsaðila hafi raskast vegna atvika og forsendna sem OR hefur ekki forræði á. Í þessum fasa málsins, mun niðurstaða gerðardómsins aðeins snúa að því hvort að jafnvægi milli samningsaðila hafi raskast vegna ófyrirsjáanlegra atvika svo eðlilegt sé að taka upp viðræður um breytingar á samningum, en ekki taka afstöðu til mögulegra fjárhæða.

Skýringar

16. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi og miðar fyrirtækið við miðgengi í dagslok skv. Seðlabanka Íslands. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað.

ON Power hefur USD sem starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónan er sá gjaldmiðill sem hefur mest áhrif þar á eftir á reikningsskil félagsins. Gengi USD gagnvart krónunni var eftirfarandi:

	2022		2021	
	Meðalgengi	Árslokagengi	Meðalgengi	Árslokagengi
ISK	0,738	0,704	0,787	0,767

b. Tekjur

Tekjur eru skráðar þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst til kaupanda og eru sýndar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir

i) Færsla og mat

Upphaflega eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir til eignar á kostnaðarverði sem samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru skráðir á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkningar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á tekjuskattsskuldbindingu. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Innlausn endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Við sölu eða niðurlagningu eignar er sá hluti sérstaka endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Gangvirði eigna er ákvarðað miðað við afskrifað endurstofnverð. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á byggingarkostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetið í samræmi við þær breytingar. Við þennan útreikning er stuðst við opinberar upplýsingar og rauntölur úr bókhaldi um verðbreytingar á kostnaðarliðum og tekið tillit til áætlunar um vægi hvers kostnaðarliðar í heildarkostnaði við byggingu samskonar eigna. Kostnaðarliðir og hlutfallslegt vægi þeirra er ákvarðað af sérfræðingum innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Einnig er litið til niðurstöðu virðisrýmunarprófs sem framkvæmt er af sérfræðingum innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur og endurmat ekki fært umfram vænt framtíðarsjóðstreymi af viðkomandi eignum.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Þegar endurmetnir varanlegir rekstrarfjármunir eru seldir er endurmat þeirra meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

Skýringar

- 16. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.**
c. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta varanlegra rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Framleiðslukerfi	7 - 60 ár
Aðrar fasteignir	50 ár
Aðrir lausafjármunir	5 - 25 ár

iv) Virðisrýrnun

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Endurheimtanleg fjárhæð er metin út frá notkunarvirði. Notkunarvirði er ákvarðað á þann hátt að núvirða áætlað framtíðarfjárstreymi miðað við áframhaldandi nýtingu eignanna. Fjárstreymi er byggt á rekstraráætlun næstu fimm ára. Við mat á nýtingarvirði byggja stjórnendur á áætlun um framtíðar þróun starfseminnar, byggt er á bæði ytri og innri upplýsingum.

d. Áhættuvarnarsamningar

Félagið hefur gert áhættuvarnarsamninga til varnar mögulegum sveiflum á álverði vegna áhrifa þess á raforkusölusamninga. Hagnaður eða tap vegna þessara samninga eru færð í rekstrarreikning. Öpnir samningar eru metnir á núvirtu framtíðargreiðslufæði og markaðsgögn notuð við verðlagninguna.

e. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skattlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Tekjuskattshlutfall er 20% vegna ársins 2022.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skattlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingunni.

Tekjuskattseign sem myndast við upphaf skattskyldu er færð á sama tíma, í rekstrarreikning sem tekjur ársins.